

## Hættir sagnorða

- **Framsöguháttur (fh.)**

- „staðreyndaháttur“, bein spurning eða bein fullyrðing
- til í nútíð og þátíð.
- dæmi: fer / fór



- **Viðtengingarháttur (vh.)**

- „kannski háttur“, hægt að setja „þótt ég ...“ á undan
- til í nútíð og þátíð
- dæmi: (þótt ég) fari / (þótt ég) færi

- **Boðháttur (bh.)**

- Skipun til 2. persónu (et. eða ft.)
- dæmi: farðu / farið

- **Nafnháttur (nh.)**

- að .....
- dæmi: að fara

- **Lýsingarháttur nútíðar (lh.nt.)**

- endar á –andi
- dæmi: farandi

- **Lýsingarháttur þátíðar (lh.pt.)**

- myndaður með hjálparsögn
- dæmi: hef farið
- MUNA! Hjálparsögnin er ekki greind sem lh.pt., bara aðalsögnin.  
Hjálparsögnin er í framsöguhætti eða viðtengingarhætti.

## Tíðir sagnorða

- **nútíð (nt.)**
  - ég fer út
- **þátíð (nt.)**
  - ég fór út
- **núliðin tíð (nlt.)**
  - ég hef farið út
  - núliðin tíð myndast með hjálparsögninni hafa í nútíð og lýsingarhætti þátíðar (lh.þt.) af aðalsögn.
- **þáliðin tíð (plt.)**
  - ég hafði farið út
  - þáliðin tíð myndast með hjálparsögninni hafa í þátíð og lýsingarhætti þátíðar
- **fram tíð (frt.)** – ég mun fara út
  - fram tíð myndast með hjálparsögninni munu í nútíð og nafnhætti af aðalsögn.

## Myndir sagnorða

### Sagnir hafa þrjár myndir:

- germynd (gm.)
- þolmynd (þm.)
- miðmynd (mm.)

### Germynd:

- Ósamsett í nútíð og þátíð
- Athyglin beinist að geranda verksins
- Dæmi: Móðirin klæðir drenginn



### Þolmynd:

- Myndast með hjálparsögninni vera (verða) og aðalsögninni.
- Athyglin beinist að þolanda verksins.
- Dæmi: Drengurinn er klæddur (af móðurinni).

### Miðmynd:

- -st bætist við germyndina.
- Sá sem framkvæmir verknaðinn verður sjálfur fyrir honum.
- Dæmi: drengurinn klæðist.

Ath.: Germynd endar stundum á –st. Til að finna hvort sögnin er í germynd eða miðmynd er best að skipta um persónu. Í miðmynd helst endingin –st í öllum persónum.

## Beyging sagnorða

Beyging sagna er þrenns konar:

- veik
  - sterk
  - blönduð
- 
- Veikar sagnir hafa þrjár kennimyndir (*veika beygingu*).
  - Sterkar sagnir hafa fjórar kennimyndir (*sterka beygingu*).
  - Núpálegar sagnir hafa fjórar kennimyndir (*blandaða beygingu*).
  - Ri-sagnir hafa þrjár kennimyndir (*blandaða beygingu*).

**Veik beyging:**

- Veikar sagnir enda á **–aði, –ði, –di** eða **–ti** í 1.p.et.pt.
- Veikar sagnir hafa þrjár kennimyndir:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>
nh.	1.p.et.fh.pt.	lh.pt. í hk.et.nf.
að .....	ég .... í gær	ég hef .....
borða	borðaði	borðað
segja	sagði	sagt
missa	missti	misst

## Sterk beyging:

- Sterkar sagnir eru endingarlausar í 1.p.et.fh. í þátíð
  - Dæmi: Ég **datt, flaug, ,bar, gaf, tók, hljóp.**
- Sterkar sagnir hafa fjórar kennimyndir:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>	<u>4.kennimynd</u>
<b>nh.</b>	<b>1.p.et.fh.þt.</b>	<b>1.p.ft.fh.þt.</b>	<b>lh.þt. í hk.et.nf.</b>
<b>að .....</b>	<b>ég .... í gær</b>	<b>við .... í gær</b>	<b>ég hef .....</b>
<i>detta</i>	<i>datt</i>	<i>duttum</i>	<i>dottið</i>
<i>fljúga</i>	<i>flaug</i>	<i>flugum</i>	<i>flogið</i>
<i>gefa</i>	<i>gaf</i>	<i>gáfum</i>	<i>gefið</i>

## Blönduð beyging:

- Nokkrar sagnir hafa blandaða beygingu. Helstar þeirra eru núbálegar sagnir og ri-sagnir.

## Núpálegar sagnir:

- Núpálegar sagnir eru:
  - **eiga, mega, unna, kunna, muna, munu, skulu, vilja, vita og þurfa.**
- Núpálegar sagnir beygjast svo í kennimyndum:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>	<u>4.kennimynd</u>
<b>nh.</b>	<b>1.p.et.fh.nt.</b>	<b>1.p.et.fh.pt.</b>	<b>lh.pt. í hk.et.nf.</b>
<b>að .....</b>	<b>ég .... í dag</b>	<b>ég .... í gær</b>	<b>ég hef .....</b>
<i>unna</i>	<i>ann</i>	<i>unni</i>	<i>unnað</i>
<i>eiga</i>	<i>á</i>	<i>átti</i>	<i>átt</i>

## Ri-sagnir:

- Ri-sagnir eru **gróa, róa, snúa og núa.**
- Ri sagnir beygjast svo í kennimyndum:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>
<b>nh.</b>	<b>1.p.et.fh.pt.</b>	<b>lh.pt. í hk.et.nf.</b>
<b>að .....</b>	<b>ég .... í gær</b>	<b>ég hef .....</b>
<i>gróa</i>	<i>greri</i>	<i>gróið</i>
<i>snúa</i>	<i>sneri</i>	<i>snúið</i>

## Orsakasagnir

Orsakasagnir í íslensku kallast veikar sagnir sem myndaðar eru af 2. kennimynd sterkrar sagnar.

Dæmi:

fyrsta kennim.	önnur kennim.	þriðja kennim.	fjórða kennim.
• njóta	naut	nutum	notið
	↓		
	<b>neyta</b> (orsakasögn)		
• sleppa	slapp	sluppum	sloppið
	↓		
	<b>sleppa</b> (orsakasögn)		
• fjúka	fauk	fukum	fokið
	↓		
	<b>feykja</b> (orsakasögn)		
• sitja	sat	sátum	setið
	↓		
	<b>setja</b> (orsakasögn)		

Eins og sjá má á dæmunum þá breytist stofnsérhljóð sagnanna gjarnan, þ.e. það verða hljóðbreytingar í stofni (sat – setja, fak – feykja).